

REGLUGERÐ

um umdæmi sýslumanna.

1. gr.

Landinu er skipt í níu umdæmi sýslumanna. Eiga sveitarfélög undir hvert þeirra, sem hér segir:

1. Umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu:

Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær, Kjósarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær og Kópavogsbær.

Aðalskrifstofa: Höfuðborgarsvæðið.

Sýsluskrifstofur og önnur útibú: Samkvæmt ákvörðun ráðherra hverju sinni eftir tillögu sýslumanns.

2. Umdæmi sýslumannsins á Vesturlandi:

Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Snæfellsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær og Dalabyggð.

Aðalskrifstofa: Stykkishólmur.

Sýsluskrifstofur: Akranes, Borgarnes.

Önnur útibú: Ólafsvík, Búðardalur.

3. Umdæmi sýslumannsins á Vestfjörðum:

Reykholahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.

Aðalskrifstofa: Patreksfjörður.

Sýsluskrifstofa: Ísafjörður.

Önnur útibú: Bolungarvík, Hólmavík.

4. Umdæmi sýslumannsins á Norðurlandi vestra:

Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Blönduósibær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.

Aðalskrifstofa: Blönduós.

Sýsluskrifstofa: Sauðárkrókur.

5. Umdæmi sýslumannsins á Norðurlandi eystra:

Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.

Aðalskrifstofa: Húsavík.

Sýsluskrifstofur: Akureyri, Siglufjörður.

Annað útibú: Dalvík.

6. Umdæmi sýslumannsins á Austurlandi:

Vopnafjarðarhreppur, Fljótisdalshreppur, Fljótisdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.

Aðalskrifstofa: Seyðisfjörður.

Sýsluskrifstofur: Egilsstaðir, Eskifjörður.

Annað útibú: Vopnafjörður.

7. *Umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi:*

Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus.

Aðalskrifstofa: Selfoss.

Sýsluskrifstofa: Höfn.

Önnur útibú: Hvolsvöllur, Vík.

8. *Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum:*

Vestmannaeyjabær.

Aðalskrifstofa: Vestmannaeyjabær.

9. *Umdæmi sýslumannsins á Suðurnesjum:*

Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar.

Aðalskrifstofa: Reykjanesbær.

Annað útibú: Grindavík.

2. gr.

Ef mörk milli umdæma sýslumanna eru óskýr, svo sem á hálendinu, ákveður ráðherra í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar.

Á sama hátt ákveður ráðherra í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar ef það getur af einhverjum ástæðum átt undir fleiri en einn sýslumann.

3. gr.

Á aðalskrifstofu sýslumanns og öðrum sýsluskrifstofum er veitt öll sú þjónusta sem sýslumönnum ber að veita samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Í útibúum er veitt þjónusta á tilteknum tímum eftir því sem sýslumaður ákveður.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. og 9. gr. laga nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnslu ríkisins í héraði, öðlast gildi 1. janúar 2015. Fellur þá úr gildi reglugerð nr. 66/2007 um stjórnsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra, með áorðnum breytingum.

Innanríkisráðuneytinu, desember 2014.

Ólöf Nordal

Ragnhildur Hjaltadóttir.